

FRAMKVÆMD ÞJÓNUSTUSAMNINGS VIÐ MENNTASKÓLANN HRAÐBRAUT

GREINARGERÐ UNNIN AÐ BEIÐNI MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

SEPTEMBER 2010

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	FRAMKVÆMD ÞJÓNUSTUSAMNINGS.....	4
2.1	Þjónusta og framlög	4
2.2	Rekstur og arðgreiðslur.....	5
2.3	Lán til tengdra aðila.....	6
2.4	Áframhaldandi rekstur	6
3	ATHUGASEMDIR MÁLSADILA	7
3.1	Athugasemdir mennta- og menningarmálaráðuneytis	7
3.2	Athugasemdir Menntaskólans Hraðbrautar	9

1 INNGANGUR

Með bréfi dags. 28. júní 2010 óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun fjallaði um framkvæmd þjónustusamnings ráðuneytisins við Hraðbraut ehf., sem rekur Menntaskólann Hraðbraut. Í bréfinu segir m.a. að samningurinn renni út 31. desember 2010 en ráðuneytið hafi ákveðið að framlengja hann til 31. júlí 2011 án skuldbindingar um frekari framlengingu eftir það. Þá segir að við athugun ráðuneytisins á ársreikningum Hraðbrautar ehf. fyrir rekstrarárin 2007, 2008 og 2009 hafi verið gerðar athugasemdir við misræmi í framlögum til skólans miðað við fjölda nemendaígilda, þ.e. að framlög til skólans hafi verið hærri en nemendafjöldi gaf tilefni til. Jafnframt hafi ráðuneytið gert athugasemdir við lánveitingar félagsins til tengdra félaga og arðgreiðslur til eigenda.

Ástæða er til að taka fram að úttektin beinist ekki að faglegu starfi skólans en samkvæmt úttekt sem ráðuneytið hefur látið vinna er það í góðu lagi.

Ríkisendurskoðun hefur átt fundi með og aflað gagna hjá fulltrúum ráðuneytisins og skólastjóra Hraðbrautar vegna málsins. Drög að greinargerð voru send málsaðilum til athugasemda og eru þær birtar orðréttar í kafla 3. Smávægilegar breytingar voru gerðar á texta greinargerðarinnar eftir að athugasemdirnar komu fram en engar efnisbreytingar.

2 FRAMKVÆMD ÞJÓNUSTUSAMNINGS

2.1 ÞJÓNUSTA OG FRAMLÖG

Menntaskólinn Hraðbraut tók til starfa árið 2003. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum. Ráðuneytið og skólinn undirrituðu nýjan þjónustusamning í maí 2007 sem gildir til 31. desember nk. Ríkisendurskoðun gerir engar athugasemdir við hann en telur ástæðu til að gagnrýna ýmis atriði sem tengjast tilkomu hans og ekki síður framkvæmd.

Samstarf ríkisins við Hraðbraut hófst að frumkvæði skólans. Engin formleg greining á þörf fyrir slíkan skóla var unnin af ráðuneytinu áður en til hans var stofnað. Þá gerði ráðuneytið heldur enga tilraun til að meta hvort hagkvæmara væri að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum innan einhvers af þeim skólum sem voru starfandi árið 2003. Loks var samið um reksturinn við Hraðbraut ehf. án þess að öðrum gæfist kostur á að bjóða í verkefnið.

Samkvæmt 5. grein þjónustusamningsins skal uppgjör fara fram árlega, þar sem áætlun um nemendafjölda og framlög er borin saman við rauntölur. Slíkt uppgjör hefur aldrei farið fram á starfstíma skólans. Frá upphafi samstarfsins vissu ráðuneytið og skólinn þó mætavel að nemendafjöldi við skólann var ekki í takti við áætlun fjárlaga og að skólinn fékk hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt samningnum. Að sögn fulltrúa ráðuneytisins stóðu ávallt vonir til þess að aðsókn að skólanum yrði meiri en samningurinn kveður á um og að skólinn gæti tekið inn nemendur umfram það mark. Ekki yrði þó greitt fyrir þá nemendur heldur skuld skólans við ráðuneytið frá árinu 2006 lækkuð. Þessi hugsun er staðfest í 1. grein þjónustusamningsins.

Áætlanir árána 2003–2009 gerðu ráð fyrir 1.818 nemendaígildum við skólann. Raunin varð hins vegar 1.422 eða 396 færri. Í fyrrnefndri 5. grein samningsins segir m.a.:

Verðgildi hvers ársnemanda skal vera framlög á grundvelli reiknilíkans á því fjárlagaári sem gert er upp, deilt með fjölda ársnemenda sem lagður er til grundvallar við fjárlagagerðina.

2.1 Nemendaígildi og framlög ríkissjóðs

ÁR	NEMENDAÍGILDI			FRAMLÖG Í M.KR.		
	ÁÆTLUN	RAUN	MISM.	GREITT	ÚTREIKN.	MISM.
2003	-	-	-	25,1	25,1	0
2004	243	149	-94	107,6	66,0	41,6
2005	331	237	-94	155,7	111,5	44,2
2006	332	250	-82	163,2	122,9	40,3
2007	331	271	-60	163,8	134,1	29,7
2008	331	255	-76	181,5	139,8	41,7
2009	250	260	10	139,2	144,8	-5,6
SAMTALS	1.818	1.422	-396	936,1	744,2	192,0

Greiðslur til skólans voru í samræmi við áætlanir en ekki rauntölur um nemendafjölda á þessu tímabili og námu samtals 936,1 m.kr. í stað 744,2 m.kr. Ofgreidd framlög til skólans námu því

samtals 192 m.kr. Í samtölum við fulltrúa ráðuneytisins hefur komið fram að ráðuneytið hafi ekki í hyggju að gera kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra framlaga vegna árána 2004–2006.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir ráðuneytið fyrir að framfylgja ekki skýru ákvæði 5. greinar þjónustusamningsins um árlegt uppgjör. Þá telur stofnunin að ráðuneytið hafi ekki heimild til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð upp á samtals 126,1 m.kr. vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004–2006.

Í ársreikningum skólans, sem ekki hafa verið endurskoðaðir, eru fyrirfram innheimtar tekjur færðar til skuldar. Í árslok 2009 námu þær 65,2 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra hafa vissar „varúðarfærslur“ verið gerðar á hverju ári þar sem uppgjör á samningnum hefur ekki farið fram. Í ársreikningi 2009 skiptast fyrirfram innheimtar tekjur í 15,8 m.kr. vegna fyrirfram innheimtra skólagjalda og 49,4 m.kr. vegna ofgreiddra framlaga ríkissjóðs. Í skýringum við ársreikning 2008 segir:

Tekjur í rekstrarreikningi samstanda af tekjum samkvæmt samkomulagi við menntamálaráðuneytið um framlag frá hinu opinbera auk skólagjalda nemenda. Tekjufærsla vegna opinberra framlaga er í samræmi við nemendafjölda. Sé um mismun milli greiðslna frá hinu opinbera og tekna í samræmi við nemendafjölda er hann færður sem fyrirfram greiddar tekjur eða óinnheimtar tekjur eftir atvikum.

Ríkisendurskoðun lítur svo á að með þessu hafi verið gerð tilraun af hálfu skólans til að meta skuld hans við ríkissjóð, þótt vissulega sé hún nokkuð lægri í bókhaldi skólans en samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar.

2.2 Fyrirfram innheimtar tekjur í m.kr.

ÁR	FYRIRFR. INNH. Í ÁRSLOK	SKULDIR Í ÁRSLOK	HLUTFALL AF SKULDUM
2003	5,9	20,0	34,8%
2004	29,6	51,9	57,0%
2005	30,0	80,8	37,1%
2006	51,3	88,1	58,3%
2007	52,5	91,1	57,7%
2008	50,4	75,9	66,4%
2009	65,2	75,4	86,5%

2.2 REKSTUR OG ARÐGREIÐSLUR

Eins og áður sagði voru heildarframlög ríkissjóðs til skólans 936,1 m.kr. á tímabilinu 2003–2009. Heildartekjur námu hins vegar 1.055,1 m.kr., enda skólanum m.a. heimilt að innheimta skólagjöld af nemendum. Skólinn var rekinn með töluverðum rekstrarafgangi öll árin frá 2003–2008. Árið 2009 varð hins vegar viðsnúningur í rekstrinum og 12,7 m.kr. tap. Það skýrist af því að þetta ár voru framlög ríkissjóðs nokkurn veginn í samræmi við raunveruleg nemendaígildi. Heildarafkoma árána frá 2003–2009 var jákvæð um 86,4 m.kr. Á sama tíma var greiddur 82 m.kr. arður til eigenda.

Ríkisendurskoðun telur ekkert í þjónustusamningnum eða lögum og fyrirmælum almennt banna arðgreiðslur út úr rekstri skólans. Að mati stofnunarinnar er þannig ekkert því til fyrirstöðu að eigendur skólans fái greiddan arð af fjárbindingu sinni svo fremi að rekstur skólans sé í jafnvægi og arðgreiðslan dragi ekki úr möguleikum skólans til að veita umsamda þjónustu. Hér verður þó að halda til haga því sem áður hefur komið fram að framlög ríkisins til skólans á tímabilinu 2003–2009 voru 192 m.kr. umfram ákvæði þjónustusamningsins. Skólinn hafði því í raun ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða þennan arð.

2.3 Rekstur í m.kr.				
ÁR	TEKJUR	GJÖLD	AFKOMA	ARÐUR
2003	29,3	26,8	2,5	0,0
2004	108,9	91,2	17,7	0,0
2005	180,4	149,1	31,3	10,0
2006	172,7	167,7	5,0	14,0
2007	195,3	180,3	15,0	27,0
2008	211,9	184,3	27,6	6,0
2009	156,6	169,3	-12,7	25,0
SAMTALS	1.055,1	968,7	86,4	82,0

Skólastjóri Hraðbrautar hefur lýst því í samtölum við fulltrúa Ríkisendurskoðunar að arður til eigenda hafi verið greiddur í góðri trú. Hann hafi talið að þar sem ekkert formlegt uppgjör hafi farið fram á starfstíma skólans hafi ríkið ákveðið að krefja skólann ekki um hin ofgreiddu framlög. Þá hefur hann ítrekað lýst yfir í samtölum við fulltrúa Ríkisendurskoðunar að vilji hans standi til þess að halda starfsemi skólans áfram og leggja honum til eitthvert fé reynist það nauðsynlegt.

2.3 LÁN TIL TENGDRA AÐILA

Í 7. grein þjónustusamningsins segir m.a. að fjárreiðum og reikningshaldi skólans vegna umsamins verkefnis skuli haldið aðgreindum frá öðru bókhaldi og eignum skólans.

Samkvæmt ársreikningi skólans fyrir árið 2009 námu lán til tengdra aðila samtals 50 m.kr. í árslok. Lánið var upphaflega veitt Nýsi ehf. til að fjármagna byggingu skóla í Skotlandi. Á árinu 2009 var lánið yfirtekið af fyrirtækinu Gagni ehf. en það er í eigu skólastjóra Hraðbrautar. Lánið skal greitt með einni greiðslu á árinu 2012 en vextir eru greiddir jafnóðum. Lánið er í skilum en skólastjóri Hraðbrautar telur ljóst að breyta þurfi skilmálum þess, og þá einkum að lengja lánstímann, eigi Gagn ehf. að geta endurgreitt það að fullu.

2.4 Lán til tengdra aðila í m.kr.			
ÁR	LÁN Í ÁRSLOK	EIGNIR Í ÁRSLOK	HLUTFALL AF EIGNUM
2005	23,0	136,3	16,9%
2006	16,2	134,7	12,1%
2007	68,8	122,3	56,1%
2008	59,8	129,1	46,3%
2009	50,0	90,8	55,1%

Ríkisendurskoðun telur að þótt fullnægjandi grein sé gerð fyrir láninu í bókhaldi skólans geti þessi lánastarfsemi ekki talist æskileg og að í raun sé hún í andstöðu við fyrrgreint ákvæði samningsins, enda tengist hún ekki rekstri skólans með nokkrum hætti.

2.4 ÁFRAMHALDANDI REKSTUR

Í ljósi þess sem að framan greinir telur Ríkisendurskoðun að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að óbreyttum aðstæðum. Skuld skólans við ríkissjóð vegna ofgreiddra framlaga nemur 192 m.kr. Skólinn var rekinn með nokkrum halla eina árið sem sæmilegt samræmi var milli framlaga úr ríkissjóði og nemendafjölda og loks ríkir veruleg óvissa um getu Gagns ehf. til að endurgreiða 50 m.kr. lán frá skólanum.

3 ATHUGASEMDIR MÁLSAÐILA

3.1 ATHUGASEMDIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

Vísað er til bréfs Ríkisendurskoðunar, dags. 13. september sl., þar sem ráðuneytinu er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut, sem unnin er að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Athugasemdir í greinargerð Ríkisendurskoðunar eru í tveimur hlutum og beinast annars vegar að stjórnslu ráðuneytisins og eftirfylgni með samningnum og hins vegar að verkskilum verksala og fjármálaumsýslu. Hér verður aðallega brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi stjórnslu ráðuneytisins. Þær eru í megin atriðum þrjár og snúa að tilkomu samningsins og undirbúningi, tilhögun uppgjors og að lokum því að gefinn hafi verið eftir hluti af skuld verksala.

Varðandi tilkomu verkefnisins og undirbúning þá bendir Ríkisendurskoðun réttilega á að til verkefnisins var ekki stofnað að undangenginni þarfagreiningu og útboði. Reglur og leiðbeiningar um gerð þjónustusamninga gera ráð fyrir að frumkvæði að slíkum verkefnum komi úr stjórnslunni að undangenginni þarfagreiningu og að efnt sé til útboðs. Óhætt er að fullyrða að í flestum tilfellum kemur frumkvæði að samningum frá verksala eða Alþingi. Algengast er að áhugasamir aðilar gefi sig fram við stjórnvöld til að bjóða eða taka yfir tiltekna þjónustu ríkisins á kostnað þess. Áhugi stjórnvalda á slíkum samningum hefur gjarna byggst á öðru en eingöngu fjárhagslegri hagkvæmni s.s. rekstrarformi, útfærslu á framkvæmdinni eða samstarfi við hagsmunaaðila. Hjá þessu verður ekki komist á meðan stjórnvöld hafa áhuga á samstarfi, frumkvöðlastarfsemi og nýjungum sem eiga uppruna sinn annars staðar en í stjórnslunni. Fjárlög undanfarinna ára eru til marks um vilja stjórnvalda til að bregðast við frumkvæði af þessu tagi.

Hvað samninginn sem gerður var við Hraðbraut árið 2001 varðar voru helstu röksemdir þær að mæta eftirspurn sem talin var vera eftir tveggja ára námi til stúdentsprófs. Markhópurinn var í upphafi nemendur með afburða námsárangur sem vildu ljúka námi á skömmum tíma. Eins og úttekt á starfsemi skólans ber með sér hefur eftirspurn eftir þessu úrræði reynst minni en gert var ráð fyrir hjá upphaflegum markhóp verkefnisins.

Fjármögnun framhaldsskóla hefur að mestu verið með þeim hætti að greitt er fyrir það skv. viðmiðunarreglum ráðuneytisins. Því hefur ekki verið um að ræða verðsamkeppni heldur samkeppni á grundvelli námsframboðs og gæða. Greitt hefur verið sambærilegt gjald fyrir samskonar nám, samkvæmt áfangaskrá skólanna, hvort sem í hlut hafa átt ríkisskólar eða aðrir skólar með samning við ríkið.

Framlög til skóla hafa tekið mið af viðmiðunarreglum og áætlun um nemendafjölda. Í mörgum tilfellum hafa nemendaspár ekki gengið eftir að fullu og hefur þá verið miðað við að bæta skólum upp það sem á vantar. Í þeim tilfellum sem vantað hefur upp á nemendafjölda hefur ráðuneytið oft sýnt biðlund þar sem fækkunin kunni að vera tímabundin. Þetta hefur stundum reynst nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að grundvelli verði kippt undan rekstri skóla. Gert hefur verið upp við skóla innan þess fjárlagaramma sem ráðuneytið hefur haft vegna kennslu í framhaldsskólum og hefur safnliður framhaldsskóla verið nýttur til uppgjors.

Eins og samningar við einkaskóla bera með sér hefur verið gengið langt í að mæta því sjónarmiði sem hefur verið ríkjandi, að einkaskólar með þjónustusamning skuli njóta sambærilegrar fyrirgreiðslu og opinberir skólar. Þannig var horft til þess, fyrstu rekstrarár Hraðbrautar, að um nýjan skóla var að ræða sem hafði ekki fengið sérstök framlög úr ríkissjóði til þess að mæta upphafskostnaði eins og tíðkast með aðra skóla. Með hliðsjón af framangreindu var, við framkvæmd samningsins, litið svo á að nemendauppgjör mætti jafna út á lengri tíma og gefa skólanum þannig svigrúm til þess að komast yfir erfið upphafsár. Þegar leið að lokum fyrsta samningstímabilsins var ljóst að erfiðlega gekk að ná markmiðum samningsins um umfang þjónustu og skýringar og röksemdir um byrjunarörðugleika héldu ekki lengur. Viðraðar voru hugmyndir þess efnis að draga úr umfanginu en fulltrúar skólans sóttu hart að það yrði ekki gert þar sem með því yrði dregið úr rekstrarhagkvæmni skólans. Fulltrúar skólans óskuðu eftir að gert yrði ráð fyrir auknu umfangi í nýjum samningi og kynntu áform um fjölgun nemenda.

Niðurstaðan varð sú að endurnýja samninginn 2007 með óbreyttu umfangi þar sem ekki þóttu forsendur til þess að gera ráð fyrir aukningu fyrr en markmiðum fyrri samnings hefði verið náð. Þá var ákveðið að gera samning til þriggja ára í stað fimm eins og staðið hafði til. Í tengslum við umræðu um endurnýjun samningsins var skuld skólans rædd og var ekki annað séð en að ekki yrði hægt að gera hvoru tveggja; greiða uppsafnaða skuld og tryggja gæði námsins. Með vísan til ofangreindra fordæma gagnvart öðrum skólum varð niðurstaðan að krefja Hraðbraut ekki um endurgreiðslu vegna fyrstu tveggja rekstraráranna en skuld vegna síðasta rekstrarársins haldið til haga og skólanum gert kleift að skuldajafna fyrir henni með því að þjónusta fleiri nemendur en forsendur samningsins gerðu ráð fyrir. Þetta fyrirkomulag var staðfest í nýjum samningi við Hraðbraut. Vissulega kom til greina að láta skólann endurgreiða oftekin nemendaígildi en á þeim tíma þótti meira um vert að þjónustunni yrði fram haldið m.a. með hliðsjón af hagsmunum nemenda.

Að mati ráðuneytisins voru hagsmunir nemenda með þessu settir í forgrunn, meðalhófs gætt gagnvart skólanum og tjón ríkisins takmarkað við þá skuld sem safnast hafði upp á fyrstu tveimur rekstrarárum skólans. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að ráðstafanir til þess að rifta samstarfinu og útvega nemendum önnur námsúrræði, hefðu án efa leitt til útgjalda fyrir ríkissjóð.

Strax eftir fyrsta rekstrarár nýs samnings, sem gerður var 2007, var ljóst að áform skólans um nemendafjölgun gengu ekki eftir. Skólanum var gert ljóst að ekki yrði um frekari eftirgjöf að ræða og hann yrði krafinn um endurgreiðslu eða gert yrði ráð fyrir samdrætti í umfangi. Það varð úr að við fjárlagagerð næsta árs var framlag til skólans lækkað og miðað við 250 ársnemendur en áfram gert ráð fyrir að skólinn skilaði 330 ársnemendum. Stóðu væntingar til þess að mismunurinn yrði jafnaður út á fáum árum. Nú hefur komið í ljós að á síðasta rekstrarári var nemendafjöldi skólans einungis rétt liðlega 250.

Í ráðuneytinu er nú verið að meta forsendur fyrir frekara samstarfi við skólann. Í því skyni hefur verið farið yfir samskipti ráðuneytisins og skólans, gerð fagleg úttekt á starfseminni og óskað eftir að Ríkisendurskoðun fari yfir framkvæmd þjónustusamningsins.

Eftir á að hyggja má færa rök fyrir því að ekki hafi verið gengið nægjanlega hart fram í samskiptum við Hraðbraut og að tilefni hafi verið til að beita harðari úrræðum. Í öllu falli gefur þessi reynsla tilefni til endurskoðunar á verklagi við uppgjör á þjónustusamningum. Þessar athugasemdir ber þó að skoða í ljósi þess að sú skylda er jafnframt lögð á stjórnvöld að þau gæti meðalhófs í beitingu íþyngjandi úrræða og í þessu tilfalli hugi jafnframt að hagsmunum nemenda. Mörg dæmi er hægt tilgreina þar sem skólum hefur verið gefið svigrúm til þess að rétta af erfiðan rekstur og í langflestum tilfellum hefur það nýst til uppbyggingar á rekstrargrundvelli. Nú er komið að því að meta hvernig þetta svigrúm hafi verið nýtt hjá Hraðbraut og verður það m.a. lagt til grundvallar ákvörðun um áframhaldið.

3.2 ATHUGASEMDIR MENNTASKÓLANS HRAÐBRAUTAR

1. Í fyrstu efnisgrein segir „Ríkisendurskoðun gerir engar athugasemdir við samninginn sem slíkan.“ Þessi yfirlýsing er fagnaðarefni.
2. Í annarri efnisgrein segir m.a.: „Engin formleg greining á þörf fyrir slíkan skóla var unnin af hálfu ráðuneytisins áður en til hans var stofnað.“ Þetta er rétt hvað ráðuneytið varðar en á það má benda að undirritaður vann ítarlega könnun á þörf og áhuga á slíkum skóla á meðal nemenda í 15 grunnskólum. Ráðherra á þeim tíma var m.a. kynnt niðurstaðan sem sýndi þörfina með skýrum hætti.
3. Jafnframt segir í annarri efnisgrein: „Þá var engin tilraun gerð til að meta hvort hagkvæmara væri að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum í þeim skólum sem voru starfandi 2003.“ Um þetta er það að segja að Þorvarður Elíasson skólastjóri Verzlunarskóla Íslands og undirritaður fóru ítarlega yfir þann kost að Verzlunarskólinn yrði samstarfsaðili og boðið yrði upp á tveggja ára nám þar innandyra. Niðurstaðan varð sú að það var ekki talinn fýsilegur kostur og ekki væri líklegt að rekstur Hraðbrautar gengi vel með rekstri annars skóla. Síðar, eftir að Hraðbraut fór af stað, reyndu bæði Menntaskólinn við Sund og Verzlunarskólinn að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á þremur árum. Menntaskólinn við Sund náði aldrei að koma slíku námi af stað en í Verzlunarskólanum gafst það illa og hætti skólinn því.
4. Að síðustu segir í annarri efnisgreininni: „Loks var samið um reksturinn við Hraðbraut ehf. án þess að öðrum gæfist kostur á að bjóða í verkið.“ Í þessu sambandi er rétt að benda á að uppbygging námsins við skólann var eftir hugmynd sem undirritaður byrjaði að vinna að árið 1995. Sú hugmynd var í þrotlausri vinnslu allan tímann fram að byrjun skólastarfsins árið 2003. Árin 2001-2003 var undirritaður ekki í annarri launaðri vinnu. Því hefði það verið alveg fráleitt að taka hugmynd sem er um margt einstök og var 8 ár í vinnslu hjá undirrituðum og bjóða út slíkt verk eftir að hugmyndin var fullmótuð. Á það má einnig benda að mönnum var frá upphafi ljóst að skólinn yrði sá hagkvæmasti í landinu fyrir ríkið þar sem stúdentar hans kæmu á vinnumarkað og greiddu þar með skatta og skyldur, tveimur árum fyrr en aðrir stúdentar. Því má í raun líta svo á að með sköttum sínum þessi tvö ár endurgreiði stúdentar Hraðbrautar ríkinu framlög þess samkvæmt þjónustusamningnum og rúmlega það.

5. Á árinu 2005 óskaði undirritaður eftir að fram færi með formlegum hætti uppgjör á milli skólans og ráðuneytisins. Af því varð ekki. Síðan hefur undirritaður óskað eftir slíku uppgjöri nokkrum sinnum. Slíkt uppgjör hefur ekki komið frá ráðuneytinu ef undan eru skildar tölur vegna ársins 2008 (sjá næstu efnisgrein) og síðan grófir útreikningar fyrir árin 2007-2009 sem undirrituðum voru sýndir í júní 2010.

Í mars árið 2009 var undirritaður kallaður á fund í ráðuneytinu. Tilefni fundarins var að ráðuneytið var búið að gera upp árið 2008. Samkvæmt því hafði skólinn fengið ofgreitt það ár 30,2 m.kr. Jafnframt voru aðilar þá sammála, samkvæmt minnisblaði undirritaðs, um að árið 2007 og fyrri ár teldust upp gerð. Aðilar urðu jafnframt sammála um að ofgreiðsla ársins 2008 yrði dregin af framlögum til skólans árið 2009. Var það gert.

Í apríl 2009 fékk undirritaður í hendur „Ársreikning 2008“ frá Fjársýslu ríkisins sem staðfestir samkomulag fundarins í mars, þ.e. að árið 2007 telst vera upp gert og skólinn skuldi kr. 30,2 m.kr. vegna ársins 2008. Það uppgjör var undirritað fyrir hönd Fjársýslunnar af Gunnari H. Hall og Helgu Viðarsdóttur.

Rúmu ári síðar, í byrjun júní 2010, var undirritaður kallaður á fund í ráðuneytinu og honum tjáð að skuld skólans vegna árána 2007-2009 væri kr. 59,4 m.kr. Þrátt fyrir að árið 2009 væri með jákvæðri afkomu skólans gagnvart ráðuneytinu og fyrri ár, þ.e. árin fyrir 2007, teldust vera uppgerð. Við frekari útreikning síðar kom í ljós að skuld skólans er nær 49 m.kr. Það er þó ekki nákvæm tala. Niðurstöður í töflu Ríkisendurskoðunar nú eru enn aðrar en niðurstöður í útreikningi ráðuneytisins og Hraðbrautar. Á það má benda að undirritaður er hér, í töflu Ríkisendurskoðunar, að sjá í fyrsta sinn útreiknað uppgjör vegna árána 2004-2006.

6. Efst á blaðsíðu 5 segir: „Í samtölum við fulltrúa ráðuneytisins hefur komið fram að ráðuneytið hafi ekki í hyggju að gera kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra framlaga vegna árána 2004-2006.“ Í næstu efnisgrein segir síðan: „Þá telur stofnunin að ráðuneytið hafi ekki heimild til eftirgjafar skuldar skólans við ríkissjóð upp á samtals 126,1 m.kr.“ Varðandi þetta er það að segja að undirritaður var í góðri trú um að ráðuneytið hefði heimild til að semja með þeim hætti sem það óskaði sjálft eftir um þessi mál. Að síðustu má benda á að trúlegt er að hugsanleg krafa ráðuneytisins byggð á þessu sé fyrnd.

Þrátt fyrir allt þetta hefur undirritaður ritað ráðherra og sagst vera tilbúinn að greiða til baka þessar ofgreiðslur allar, öll ár aftur til ársins 2004. Til þess að það geti orðið þarf hins vegar að nást samkomulag um nýjan þjónustusamning og þar með tilvist skólans til framtíðar.

7. Í þriðju efnisgrein á blaðsíðu 5 segir: „Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra hafa verið gerðar ákveðnar „varúðarfærslur“ á hverju ári þar sem uppgjör á samningum hafa ekki farið fram. Í ársreikningi 2009 skiptast fyrirfram innheimtar tekjur í 15,8 m.kr. vegna fyrirframinnheimtra skólagjalda og 49,4 m.kr. vegna ofgreiddra framlaga ríkissjóðs.“ Vegna þessa vill undirritaður taka fram að talan 49,4 m.kr. (sjá lið 5 að ofan) er niðurstaða útreiknings á ofgreiðslum til skólans árin 2007-2009. Sú tala er niðurstaða yfirferðar á stöðunni miðað við síðustu áramót. Því er sú tala notuð í ársreikningnum 2009. Þessi upphæð, ásamt niðurskurði á greiðslum til skólans á síðasta ári, er megin skýring þess taps sem varð árið 2009. Árið 2009 var því ekki dæmigert fyrir rekstur skólans.

8. Í kafla 2.2 á blaðsíðu 5 er fjallað um arðgreiðslur úr skólanum. Skýrt kemur fram að Ríkisendurskoðun telur ekkert vera í þjónustusamningnum, lögum eða fyrirmælum sem bannar arðgreiðslur úr skólanum. Gott er að fá svo afdráttarlausa yfirlýsingu um það atriði, ekki síst í kjölfar þeirrar neikvæðu herferðar sem DV hefur staðið fyrir gegn skólanum og beinast m.a. að arðgreiðslum.
9. Í kafla 2.3 á blaðsíðu 6 er fjallað um lán til tengdra aðila. Þar segir „Ríkisendurskoðun telur að þó fullnægjandi grein sé gerð fyrir láninu í bókhaldi skólans geti ekki talist æskilegt að skólinn standi í lánastarfsemi af því tagi sem um ræðir, enda tengist hún ekki rekstri skólans með nokkrum hætti.“ Undir þessi orð tekur undirritaður. Skólinn mun ekki lána aftur með þessum hætti. Það tilheyrði þeim tíma þegar hugsunarháttur og viðhorf til atriða sem þessara var með öðrum hætti.
10. Í kafla 2.4 á blaðsíðu 6 er fjallað um horfurnar fram undan. Þar lýsir Ríkisendurskoðun því viðhorfi „að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að öðru óbreyttu.“ Þegar framtíðarmöguleikar skólans eru metnir þarf að hafa í huga að:
 - a. Skólinn hefur á ótrúlega skömmum tíma náð að skipa sér í hóp bestu framhaldsskóla landsins. Úttekt á faglegu starfi skólans, leiðir í ljós að það er í góðu lagi og metnaður ríkir í starfsemiinni. Í könnun á meðal grunnema Háskóla Íslands í apríl 2010 kom fram að 82,4% nemenda, sem komu úr Menntaskólanum Hraðbraut, voru mjög ánægð með undirbúning sinn fyrir háskólanám. Aðeins nemendur fjögurra annarra framhaldsskóla (MR, MA, MH og Versló) voru jafn ánægðir með undirbúning sinn. Þessi góði árangur er enn athyglisverðari þegar haft er í huga að stúdentsprófi ljúka nemendur hér á aðeins tveimur árum en ekki fjórum árum eins og í öðrum skólum.
 - b. Skólinn er skuldlaus ef frá er talin skuld við ríkið vegna ofgreiddra skólagjalda. Skólinn hefur aldrei tekið lán og hefur frá upphafi staðið við allar fjárskuldbindingar sínar. Greiðsla launa og allra reikninga hefur, frá upphafi rekstrar á árinu 2003, ávallt farið fram á réttum tíma.
 - c. Skólinn nýtur vaxandi vinsælda og nemendafjöldi í skólanum er nú sá mesti sem verið hefur. Aukinn nemendafjöldi styrkir mjög rekstur skólans.
 - d. Undirritaður er tilbúinn að leggja skólanum til fé til þess að rekstur skólans sé vel tryggður til framtíðar.
 - e. Fáir skólinn endurnýjaðan þjónustusamning við ráðuneytið á svipuðum nótum og hann hefur lengst af haft mun reksturinn skila hagnaði á næstu árum.
 - f. Vegna uppgreiðslna á ofgreiðslum til skólans verða nemendur skólans næstu árin mun ódýrari fyrir ríkið en nemendur annarra framhaldsskóla í landinu. Ávinningur ríkisins af áframhaldandi starfi skólans er því einnig mikill.

Þegar þessi síðustu atriði eru höfð í huga er engin ástæða til annars en að ætla að framtíð skólans sé björt og hann geti haldið áfram farsælu starfi um ókomin ár.

24. september 2010,
fyrir hönd Menntaskólans Hraðbrautar

Ólafur Haukur Johnson skólastjóri